

Kirkjuþing 2023-2024
2. mál – þskj. 2a

T I L L A G A

til þingsályktunar um um fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2024.
(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af framkvæmdanefnd kirkjuþings.
Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir meðfylgjandi fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2024.

Greinargerð.

Fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar 2024

Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar hófst s.l. vor en helstu tekjuforsendur lágu þó ekki fyrir fyrr en við framlagningu fjárlagafrumvarps á Alþingi um miðjan september. Fyrirtækið Sessor aðstoðaði við vinnslu áætlunarinnar með sama hætti og á síðasta ári og hefur það gefist vel.

Niðurstaða áætlunarinnar gerir ráð fyrir halla á rekstrinum á næsta ári sem nemur 18 milljónum. Sú niðurstaða endurspeglar þá stöðu sem stofnunin er í m.v. núverandi skipulag þjónustunnar. Eigi að nást frekari árangur í rekstrinum er mikilvægt að sett verði í forgang vinna við að endurskipuleggja með markvissum hætti þá þjónustu sem Þjóðkirkjan veitir í landinu og hvernig henni verður best fyrirkomið til framtíðar litið.

Heildartekjur næsta árs eru áætlaðar 4,5 milljarðar þ.a. er gagngjald ríkisins skv. fjárlagafrumvarpi 4,3 milljarðar og hækkar um 6,5% milli ára. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af kjarasamningsbundnum hækkunum samhliða samningum sem gerðir voru á árinu.

Gjaldamegin er launakostnaður stærsti útgjaldaliðurinn en samtals eru laun og launatengd gjöld áætluð tæplega 3,4 milljarðar eða sem nemur 74% af heildarútgjöldum. Áætlunin gerir ráð fyrir að viðhaldskostnaður fasteigna verði 130 milljónir sem er umtalsvert minna en rauntölur gefa til kynna undanfarin ár. Talsvert hefur verið selt af húsnæði í eigu Þjóðkirkjunnar á undanförunum árum og er gert ráð fyrir að halda því verkefni áfram í samræmi við ákvarðanir Kirkjuþings. Gert er ráð fyrir að Bergstaðastræti 75 verði selt á næsta ári og mikilvægt er að andvirði þess verði lagt í varasjóð svo hægt sé að bregðast við óvæntum útgjöldum í framtíðinni.

Í áætluninni er gert ráð fyrir hagræðingarkröfu á öll svið sem nemur 2% eða u.þ.b. 90 milljónum. Auk þess voru allir útgjaldaliðir rýndir með það að markmiði að ná fram hagræðingu og ljóst að ekki verður lengra gengið án uppstokkunar eða endurskipulagningar á starfseminni.

Áætlunin gerir ráð fyrir að 10% af gagngjaldi ríkisins renni í Jöfnunarsjóð eða 434 milljónir og 0,5% í Kristnisjóð eða 22 milljónir en þetta er í samræmi við starfsreglur. Að auki er gert ráð fyrir að veita 60 milljónum í Kristnisjóð vegna starfsemi Skjólans og Skálholts. Framlag í Kristnisjóð er því 82 milljónir, heildarframlag í Jöfnunar- og Kristnisjóð er 516,8 milljónir.

Markmið um hallalausán rekstur náðist að mestu leyti en hér er lögð fram áætlun með halla uppá 18 milljónir króna eða sem nemur 0,4% af tekjum. Þessi niðurstaða verður að teljast innan skekkjumarka en að sjálfsögðu verður leitast við að reksturinn verði í jafnvægi á næsta ári. Til að það takist þurfa allir að leggjast á áramnar og mikilvægt að hafa í huga að þetta er áætlun sem þýðir ekki endilega að allt sem áætlað er fyrir nái fram að ganga. Mikilvægt er að vakta reksturinn frá mánuði til mánaðar og bregðast við ef eitthvað er að fara úrskaiðis.

Birgir Gunnarsson

Framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar